



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Samtök iðnaðarins

Alþingi
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. des. 2008

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravernd, nr. 15/1994 með síðari breytingum, 186. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins leggjast eindregið gegn þeirri lagabreytingu sem í frumvarpi þessu flest. Með frumvarpinu er ætlunin að fela tilraunadýranefnd nýtt og viðamikið hlutverk. Í stað þess að vera einungis aðili sem veitir leyfi fyrir tilraunadýrahaldi er nú gert ráð fyrir að fela nefndinni eftirlitshlutverk sem hingað til hefur verið í höndum héraðsdýralækna samkvæmt 22. gr. reglugerðar nr. 279/2002 um dýratilraunir. Í athugasemdum við frumvarpið er tekið fram að ekki sé gert ráð fyrir að dregið verði úr eftirliti héraðsdýralækna. Hér er því um hreina viðbót að ræða með tilheyrandi tvíverknaði og aukakostnaði á rannsóknar- og þróunarstarf í landinu.

Athygli vekur ósamræmi milli laga nr. 15/1994 um dýravernd og reglugerðar nr. 279/2002. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með lögum um dýravernd skv. 2. mgr. 17. gr. laganna en samkvæmt áðurnefndri 22 gr. reglugerðar nr. 279/2002 er eftirlitið í höndum héraðsdýralækna. Verði tilraunadýranefnd bætt við sem eftirlitsaðila er eftirlitið orðið þrefalt með sömu starfsemi.

Umsagnaraðilar leggja til að Umhverfisstofnun verði falið að annast leyfisveitingar og eftirlit með tilraunadýrum en sé talin sérstök ástæða til getur verið eðlilegt að leita umsagnar tilraunadýranefndar eða sérfróðra aðila á því sviði.

Samtökin leggjast eindregið gegn því að verið sé að fela nýjum aðilum eftirlitshlutverk með atvinnustarfsemi en því fylgir augljós kostnaður sem engin ástæða er til að stofna til. Miklu nær er að fela þeirri stofnun sem þegar sinnir meginhlutverki á þessu sviði verkefnið.

Umsagnaraðilar telja að hér sé kærkomið tækifæri fyrir lögjafarvaldið til að einfalda regluverk leyfisveitinga og stíga lítið en mikilvægt skref á vegi einfaldari stjórnsýslu.

Virðingarfyllst,

Samtök iðnaðarins

Samtök atvinnulífsins